



Til: ulfur@hvolsvollur.is

Efni: Re: Fw: Umsagnir

Upplýsingar:

Sent: 21.12.2018 12:29:39 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2018110017, Bréfalyklar: 42-0 Ums almennt

Tilvísun í mál: 2018110017

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá Rangárþingi eystra, dags. 9. nóvember sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins. Um er að ræða tvær breytingar þar sem spildum úr landbúnaðarlandi er breytt í svæði fyrir frístundabyggð. Annars vegar er um að ræða Ráðagerði, spildu úr landi Steinmóðarbæjar (16,8 ha), og hins vegar Langhólma, spildu úr landi Eyvindarholts (36,2 ha).

Með hliðsjón af náttúrufari þess svæðis sem um ræður gerir Náttúrufræðistofnun ekki athugasemd við að framangreindar breytingar verði gerðar á aðalskipulagi sveitarfélagsins. Eins og kemur fram í greinargerð með skipulagstillögunum þarf að taka tillit til landslags á svæðinu og fella frístundabyggðina eins og hægt er að landi á þessu svæði sem er flatlent með auðkenni eins og Stóra-Dímon.

Rétt er að benda á að Langhólma spildan virðist fara inn á hverfiverndarsvæði samkvæmt korti en ekki er fjallað um það í áhrifamati. Ráðgerðisspildan er í jaðri svæðis á náttúruminjaskrá nr. 719. „Tjarnir og Tjarnanes, V-Eyjafjallahreppi, Rangárvallasýslu. (1) Að austan liggja mörk svæðisins um Markarfljót og að vestan um Ála. (2) Gróður og dýralíf. Mólendi og votlendi, mikið fuglavarp.“ Mikið hefur verið plantað (dreifst út) af framandi ágengum tegundum í nágrenni þeirra svæða sem hér er fjallað um s.s. lúpínu. Náttúrufræðistofnun telur að koma eigi í veg fyrir að ágengar framandi tegundir breiðist enn frekar út á svæðinu svo ekki verði gengið á búsvæði þeirra tegunda sem þar þrífast t.d. á svæði 719 á náttúruminjaskrá. Setja þarf skilmála um að ekki megi planta framandi ágengum tegundum bæði í aðal- og deiliskipulag.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
210 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is



From: Sigrún Fríða Óladóttir/NI.IS
Date: 11/09/2018 10:43:17 AM
To: Magnús Guðmundsson/NI.IS@NI.IS
Subject: Fw: Umsagnir

----- Forwarded by Sigrún Fríða Óladóttir/NI.IS on 09.11.2018 10:43 -----

From: Guðmundur Úlfar Gíslason <ulfar@hvolsvollur.is>
To: "ni@ni.is" <ni@ni.is>
Date: 09.11.2018 10:36
Subject: FW: Umsagnir

Sælir

Óskað er eftir umsögnum um meðfylgjandi tillögur að breytingum á aðalskipulagi Rangárbings eystra. Frestur til að skila inn athugasemdum er til 24. desember 2018.

Kveðja

Guðmundur Úlfar Gíslason
Fulltrúi skipulags- og byggingarmála
Rangárbings eystra
Austurvegi 4
860 Hvolsvöllur
Sími: 488-4200
ulfar@hvolsvollur.is www.hvolsvollur.is



From: Guðmundur Úlfar Gíslason
Sent: 08 November 2018 10:51
To: 'ust@ust.is' <ust@ust.is>; 'postur@minjastofnun.is' <postur@minjastofnun.is>; 'hs@sudurland.is' <hs@sudurland.is>; 'skipulag@skipulag.is' <skipulag@skipulag.is>; 'Svanur G. Bjarnason' <svanur.g.bjarnason@vegagerdin.is>; 'bardi@vedur.is' <bardi@vedur.is>
Subject: Umsagnir

Sælir

Óskað er eftir umsögnum um meðfylgjandi tillögur að breytingum á aðalskipulagi Rangárbings eystra.

Kveðja

Guðmundur Úlfar Gíslason
Fulltrúi skipulags- og byggingarmála

Rangárbings eystra

Asturvegi 4

860 Hvolsvöllur

Sími: 488-4200

ulfar@hvolsvollur.is www.hvolsvollur.is



Eyvindarholt - Aðalskipulagsbreyting.pdf Ráðagerði - Aðalskipulagsbreyting.pdf